



Nefnda- og greiningarsvið Alþingis
B.t. Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis

Reykjavík, 5. desember 2023
Tilvísun: M202312-0695

Efni : Umsögn Alþýðusamband Íslands (ASÍ) um frumvarp til laga um breytingu á lögum um lögheimili og aðsetur, lögum um mannvirki og lögum um brunavarnir (útbætur í brunavörnum), mál nr. 542

ASÍ hefur áður sent umsögn um málefnið, dags. 27. október 2023, eða þegar drög lágu fyrir inn á Samráðsgátt stjórnvalda sem nú er orðið að stjórnarfrumvarpi. Þá hefur ASÍ komið að öllum stigum verkefnisins. Má þar nefna ítarlega kortlagningu búsetu í atvinnuhúsnæði, skýrslugerðum, vinnu í starfshópum ráðherra og komið að umsögnum á öllum stigum máls. Um gríðarlega mikilvægt málefni er að ræða sem vernda á líf og limi fólks, oftast nær félagsfólks í aðildarfélögum ASÍ.

Frá júní 2020 hafa fimm manns látið lífið hérlandis í bruna í atvinnuhúsnæði og má því segja að slík búseta sé ein mannskæðasta á Íslandi á seinni árum. Hvert dauðsfall er einu of mikið og ætti í einhverjum tilfellum að vera hægt að koma í veg fyrir með viðunandi aðstöðu, brunavörnum og flóttaleiðum íbúa húsnæðis, auk réttri skráningu fyrir viðbragðsaðila. Á meðan ekkert gengur í styrkingu og uppbyggingu húsnæðismarkaðarins hérlandis, getur ASÍ ekki annað gert en að styðja við frumvarp þetta. Á meðan það ástand sem hér er varir, er nauðsynlegt að tryggja rétta skráningu fólks í atvinnuhúsnæði, svo og að tryggja og stuðla að lögmætum brunavörnum. Með því að auka og styrkja heimildir slökkviliðs til brunavarnareftirlits og að setja stjórnvaldssektir í stað dagsekta, vinna að ríkari aðgerðum fyrir Þjóðskrá Íslands til að hafa og hlutast til um réttar upplýsingar um íbúa landsins, svo og að tryggja að fólk sem býr í atvinnuhúsnæði geti skráð sig á þann stað þar sem þau raunverulega búa er unnið þríhliða að því markmiði sem upp er lagt með frumvarpi þessu.

Á sama tíma og stutt er við frumvarp þetta, er skorað á stjórnvöld að gera betur í málaflokknum með raunverulegum aðgerðum. Nú liggur fyrir stjórnartillaga innviðaráðherra um húsnæðisstefnu fyrir árin 2024 – 2038 ásamt fimm ára aðgerðaráætlun fyrir árin 2024 – 2028. Er sú tillaga nú einnig til umsagnar hjá Alþingi. Vísast því til frekari umfjöllunar í komandi umsögn ASÍ hvað húsnæðismál varðar utan þeirrar afmörkunar sem hér er í frumvarpi þessu.

ASÍ er sammála því að tímasetja heimildina til aðseturskráningu í atvinnuhúsnæði til 1. maí 2030 að svo stöddu. Ekki eigi við að una og heimila ótímabundið skráningu í atvinnuhúsnæði og þar með viðurkenna að þetta sé veruleiki sem er kominn til að vera. Hins vegar hvetur ASÍ stjórnvöld til þess að fylgjast vel með sólarlagsákvæði þessu og ef þörf er á, að framlengja rétt til aðseturskráningar í atvinnuhúsnæði. Það er þó von að til slíks þurfi ekki að koma.



Alþýðusamband Íslands

Að öðru leyti er fyrri umsögn sambandsins ítrekuð. ASÍ er reiðubúið til frekara samtals, sé þess óskað.

Virðingarfyllst,
f.h. Alþýðusambands Íslands

Karen Ósk N. Björnsdóttir – lögfræðingur hjá ASÍ
Aleksandra Leonardsdóttir – sérfræðingur ASÍ í fræðslu og inngildingu